

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkurkaupstaðar,
nr. 138 4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 31 14. janúar 1980 um breytingu á henni.

1. gr.

5. tl. 10. gr. orðist þannig:

Gjald skv. 5. flokki skal vera 1.275%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 14. mars 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 188.

10. mars 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands
á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 225 þúsund á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára hækkar hámarkið um kr. 22 500 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 400 þúsund á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 67.5 milljónir vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 7 200 á rúmlest af tréskipum og kr. 3 600 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 1 080 þúsund af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem hér eru ákveðnar, gilda frá 1. janúar 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 10. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.